

# **Íslensk ættleiðing**

**Ársreikningur 2018**

## Efnisyfirlit

bls.

Skýrsla stjórnar .....	2 - 4
Áritun óháðs endurskoðanda .....	5 - 6
Rekstrarreikningur .....	7
Efnahagsreikningur .....	8 - 9
Sjóðstreymi .....	10
Skýringar .....	11 - 15

Íslensk ættleiðing.  
Kennitala 531187-2539  
Skiopholti 50b, 105 Reykjavík

# Skýrsla stjórnar

## Meginstarfsemi félagsins

Samkvæmt samþykktum Íslenskrar ættleiðingar eru tilgangur þess:

- að vinna að alþjóðlegum ættleiðingum með því markmiði að hagsmunir barnsins séu ávallt hafðir í fyrirrími í and Samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins og Haagsamningsins um vernd barna og samvinnu varðandi ættleiðingu milli landa frá 29. maí 1993
- að vinna að velferð og réttindamálum kjörfjölskyldna
- að aðstoða fólk sem vill ættleiða börn erlendis frá
- að standa fyrir fræðslu fyrir félagsmenn í formi fræðslufunda, námskeiða og fyrirlestra
- að vinna að jöfnum rétti allra, burtséð frá uppruna
- að auka þekkingu og skilning samfélagsins og stjórnvalda á ættleiðingu og kostum hennar fyrir barn og kjörfjölskyldu
- að stuðla að velferð barna í samræmi við Samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins og Haagsamninginn um vernd barna og samvinnu varðandi ættleiðingu milli landa frá 29. maí 1993.

Íslensk ættleiðing hefur löggildingu dómsmálaráðuneytisins til að annast milligöngu um ættleiðingar til Íslands frá 5 löndum; Búlgaríu, Kína, Kólumbíu, Tékklandi og Tógó.

Um ættleiðingar gilda lög nr. 130/1999 með síðari breytingum og reglugerðir um ættleiðingar nr. 238/2005 með síðari breytingum og um ættleiðingarfélög, nr. 453/2009 með síðari breytingum.

Íslensk ættleiðing er rekin án hagnaðarsjónarmiða og til að sinna hlutverki sínu sem sett er fram í lögum og reglugerðum hefur félagið gert þjónustusamning við dómsmálaráðuneytið um skilgreinda þjónustu til að tryggja að veita umsækjendum liðsinni sem nauðsynlegt er til að af lögmætri ættleiðingu geti orðið.

Rekstrarlegar grunnforsendur félagsins eru tryggðar með framlagi ríkisins í þjónustusamningnum og er rekstargrundvöllur félagsins ekki háður fjölda umsækjenda eða fjölda ættleiðinga. Þetta fyrirkomulag er nú nefnt Íslenska ættleiðingarmódelið og hefur vakið athygli langt út fyrir landsteinanna.

Fræðsla, ráðgjöf og stuðningur er meginstoð í ættleiðingarferlinu og er lágmarksþjónusta tryggð með framlagi ríkisins til þjónustusamningsins.

## Starfsemin á árinu

Íslensk ættleiðing fagnaði því á árinu að 40 ár eru liðin frá stofnun félagsins. Dómsmálaráðherra ásamt friðu föruneysi fögnuðu afmælisdeginum 15. janúar með stjórn félagsins og fyrrum formönnum þess. Fyrrri formenn félagsins voru sérstaklega heiðraðir við þetta hátíðlega tækifæri.

Tímamót urðu í starfi félagsins árið 2018 þegar ný fræðsluáætlun tók gildi. Með henni jókst fræðsla til umsækjenda og færðist hún mun framar í ættleiðingarferilinn. Þá var tekið upp nýtt verklag þegar umsækjendur leggja fram umsókn um forsamþykki og er nú gerður samningur á milli umsækjenda og félagsins um þá þjónustu sem veitt er í ferlinu.

Með breyttri fræðsluáætlun hefur fjöldi stunda sem umsækjendur fá í forsamþykkisferlinu aukist úr 28 í 39. Með því að færa fræðsluna framar í ferlið er markmiðið að þekking umsækjenda á ættleiðingarmálaflokknum komist til skila inni umsögn barnaverndar. Það ætti að stuðla að því að fjölskyldur frá Íslandi skeri sig úr þegar kemur að þekkingu, þegar þær eru bornar saman við aðra umsækjendur í upprunalöndum barnanna sem félagið starfar með. Þetta skiptir sérstaklega máli í þeim löndum sem para umsækjendur við munaðarlaus börn.

Fræðsla til barnaverndarnefnda jókst á síðastliðu ári og fengu allar barnaverndarnefndir fræðslu um málaflokkinn.

Félagið finnur fyrir auknum áhuga á fræðslu, og hefur fjöldi beiðna frá fagaðilum, háskólasamfélaginu og hagsmunaaðilum aukist á árinu. Sérstaklega hefur orðið aukning innan skólasamfélagsins, jafnt leikskóla og grunnskóla.

## Skýrsla stjórnar

Félagið hefur um árabíl heimsótt lögfræðinema við Háskólann í Reykjavík og á árinu bættust félagsráðgjafanemar við Háskóla Íslands við.

Opnir fyrirlestrar félagsins voru 5 á árinu. Björn Hjálmarsson barna- og unglinga geðlæknir á BUGL fjallaði um snjallsímanotkun og skjátíma barna og unglinga. Anne-Lise Rygvold prófessor emeritus við Háskólann í Osló fjallaði um langtíma rannsókn sína á mun þróunar talmáls og lestrar hjá þeim sem eru ættleiddir. Ingibjörg Magnúsdóttir grunnskólakennari og MA í sérkennslu flutti erindi um skólaaðlögun ættleiddra barna og sérstöðu þeirra á fyrstu árum skólagöngunnar. Lucia Skoruseva og Ondrej Bousa, fulltrúar tékkneska miðstjórnvaldsins fluttu erindið Best interest determination, um þörun munaðarlausra barna við umsækjendur í Tékklandi og að síðustu flutti Vilborg G. Guðnadóttir erindi um tengslavanda og tengslaeflandi nálgun foreldra.

Eins og áður hefur Framvegis, miðstöð símenntunar veitt félaginu fría aðstöðu fyrir fyrirlestrana og því er hægt að bjóða félagsmönnum á landsbyggðinni að fylgjast með í gegnum fjárfundarbúnað þeirra.

Í tilefni af afmæli félagsins var boðið til málþings þann 16. mars. Forseti Lýðveldisins setti málþingið sem var hlaðið kræsingum fyrir fræðsluþyrsta félagsmenn og fagfólk. Sarah Naish félagsráðgjafi frá Bretlandi flutti erindi um therapeuting parenting and adoption, Jórunn Elidóttir dósent við Háskólann á Akureyri fjallaði um ímyndunarafið og af hverju það skiptir ættleidd börn svo miklu máli, meistaraneminn Hildur Ósk Gunnlaugsdóttir sagði frá rannsókn síni um líðan fullorðinna ættleiddra, en hún stundaði nám í klínískri sálfræði við Háskólann í Reykjavík. Í kjölfar málþingsins var Sarah Naish með námskeið sem nefndist Therapeutic Parenting in Real Life.

Tap ársins nam 3.237.895 kr. samanborið við hagnað að fjárhæð 122.217 kr. á árinu 2017. Meðalfjöldi starfsmanna hjá félaginu á árinu 2018 var 3,2 starfsmenn.

Það er álit stjórnar félagsins að allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun félagsins, komi fram í ársreikningnum.

### Styrktaraðilar

Án stuðnings styrktaraðila væri rekstur félagsins þyngri í vöfum. Síðastliðin ár hefur Íslensk ættleiðing fengið höfðinglegan styrk frá Símanum og lækkar því kostnaður félagsins vegna síma og internetsþjónustu um kr. 60.000 á mánuði eða kr. 720.000 á ári. Þá hefur Sensa veitt félaginu styrk sem nemur allri þjónustu Sensa. Sensa veitir félaginu yfirgripsmikla tækniþjónustu og vistar öll gögn félagsins í ISO vottuðu skýi sínu til að tryggja öryggi gagna félagsins. Kostnaðarmat á styrk Sensa er um kr. 100.000 á mánuði eða kr. 1.200.000 á ársgrundvelli.

Íslensk ættleiðing er eitt af þeim félögum sem hefur tekið þátt í Reykjavíkurmaraþoni Íslandsbanka og hefur verið hægt að heita á þátttakendur sem hlaupa til styrktar þess. Styrktarfé þessa árs rann til barna- og unglingastarfs félagsins, en án hans væri ekki hægt að bjóða uppá jafn viðamikil starf og raun er. Árið 2018 hlupu 22 hlauparar í nafni félagsins og söfnuðu kr. 712.486.

Stjórn félagsins þakkar öllum þeim sem styrkja félagið til góðra verka.

### Samstarf ættleiðingafélaga

Árið 1993 kom Íslensk ættleiðing að stofnun EurAdopt, regnhlífarsamtaka ættleiðingarfélaga í Evrópu. Tveimur árum síðar gekk félagið í samtök norrænna ættleiðingarfélaga, Nordic Adoption Council, NAC, þegar þau voru stofnun. Íslensk ættleiðing er með fulltrúa sem sitja ístjórn þessara samtaka og taka þátt í ýmsum verkefnum. Haldnar eru ráðstefnur annað hvert ár hjá báðum samtökunum þar sem farið er yfir ýmis mál innan málaflöksins, EurAdopt hélt sína í Milanó í maí 2018. Næsta ráðstefna NAC verður haldin á Íslandi 19.–21. september á þessu ári. Það er mikilvægt fyrir félagið að komast í samstarf við önnur félög til að efla allt starf. Þar er hægt að afla frekari þekkingar og kynnast kollegum sem vinna í sama málaflökki.

### Samstarfsríki Íslenskrar ættleiðingar

#### Búlgaría

Enn hefur engin umsókn verið send til Búlgaríu.

#### Kína

Eitt barn var ættleitt frá Kína árið 2018.

Fjórar umsóknir voru virkar í á biðlista CCCWA í árslok.

Listi barna með skilgreindar þarfir var vaktaður reglulega á síðasta ári.

## Skýrsla stjórnar

### Kólumbía

Engin umsókn var virk í lok árs.

Fyrirhugað var að heimsækja Kólumbíu á árinu, en miklar breytingar urðu á starfsmannaliði ICBF á árinu og var því heimsókn frestað fram til 2019.

### Tékkland

Fjögur börn voru ættleidd frá Tékklandi til Íslands á árinu.

Þrjú börn voru þöruð við verðandi foreldra og hófst undirbúningur fjölskyldnanna fyrir ferðalagið til Tékklands.

Tíu umsóknir voru virkar á biðlista UMPOD í lok árs.

Sendinefnd frá miðstjórnvaldi Tékklands heimsótti Ísland á árinu. Yfirsálfræðingur og tengiliður félagsins kynntu sér starf félagsins, heimsóttu dómsmálaráðuneytið og sýslumannsembættið. Þá hittu þau fjölskyldurnar sem hafa ættleitt frá Tékklandi og voru með upplýsingafund fyrir umsækjendur.

Rut Sigurðardóttur félagsráðgjafa félagsins var boðið að taka þátt í ráðstefnu í Brno um rödd barna í barnaverndarmálum, en þar flutti hún erindi um þátttöku íslenskra barna í málum sem varða þau. Erindinu var vel tekið og þótti eftirtektarvert hvernig sýn á barnaverndarmál er ólík í þessum tveimur ríkjum.

### Tógó

Eitt barn var parað við verðandi foreldri á árinu og hófst undirbúningur fjölskyldunnar fyrir ferðalagið, en gert er ráð fyrir að hún heimsæki Tógó um mitt ár 2019.

Ein umsókn var virk á biðlista CNEAT í lok árs.

### Lönd í skoðun

Kristinn Ingvarsson framkvæmdastjóri félagsins heimsótti Dóminíska lýðveldið með það að markmiði að kynna sér ættleiðingamálflokkinn og kynna starf félagsins fyrir yfirvöldum. Heimsóknin heppnaðist vel og var samþykkt að hefja undirbúning undir umsókn um löggildingu félagsins til að annast milligöngu um ættleiðingar þaðan.

### Tölfræði:

16 samningar voru gerðir við nýja umsækjendur um forsamþykki.

40 fyrstu viðtöl hjá ráðgjöfum félagsins.

57 eftirfylgniskýrslur skrifaðar af félagsráðgjöfum félagsins.

5 ættleiðingar á árinu. 1 frá Kína og 4 frá Tékklandi.

11 upplýsingar um börn skoðaðar af sérfræðingum félagsins.

15 umsóknir voru virkar hjá upprunalöndunum sem félagið er í samstarfi við.

16 umsóknir voru í vinnslu hjá sýslumannsembættinu á höfuðborgarsvæðinu.

4 forsamþykki voru virk sem ekki hafa orðið að umsókn í lok árs.

11 stjórnarfundir voru haldnir á árinu.

83 fréttir voru skrifaðar á heimasíðu félagsins.

### Jöfnun taps

Stjórnin vísar til ársreikningsins varðandi jöfnun á tapi ársins.

Stjórn Íslenskrar ættleiðingar og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2018 með áritun sinni.

Reykjavík, 12. mars 2019

Stjórn:

Framkvæmdastjóri:

Elisabet H. Ólafvörð.  
 Jngibjörg Vagneirsdóttir  
 Hugalauf  
 Lísabjörk Lárusdóttir  
 Sigrún Eya Grétund.  
 Lára Guðmundsdóttir.

KRISTINN INGVARSSON

# Áritun óháðs endurskoðanda

## Til stjórnar Íslenskrar ættleiðingar

### Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Íslenskrar ættleiðingar fyrir árið 2018. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2018, efnahag þess 31. desember 2018 og breytingu á handbæru fé á árinu 2018, í samræmi við lög um ársreikninga.

### Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda* hér fyrir neðan. Við erum óháð Íslenskri ættleiðingu í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

### Aðrar upplýsingar

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

### Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdarstjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Stjórn og framkvæmdarstjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdarstjóri ábyrg fyrir mati á rekstrarhæfi félagsins. Ef vafi leikur á rekstrarhæfi skal gerð grein fyrir því í ársreikningnum með viðeigandi skýringum og greint frá því hvers vegna ákveðið var að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdarstjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

### Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanleg vissu er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við gagnrýnni hugsun við endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.

## Áritun óháðs endurskoðanda (framhald)

- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum vafa um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.

- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti, ef við á.

Reykjavík, 12. mars 2019

**Rýni endurskoðun ehf.**

  
endurskoðandi

## Rekstrarreikningur ársins 2018

	Skýringar	2018	2017
<b>Rekstrartekjur</b>			
Tekjur .....	3	44.518.831	44.223.507
		<u>44.518.831</u>	<u>44.223.507</u>
<b>Rekstrargjöld</b>			
Laun og launatengd gjöld .....	9	33.854.442	32.722.547
Kostnaður vegna ættleiðinga .....	9	3.085.797	1.597.144
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður .....	9	2.828.733	3.286.539
Annar rekstrarkostnaður .....	9	8.320.228	6.069.864
Afskriftir .....	4	257.336	312.423
		<u>48.346.536</u>	<u>43.988.517</u>
<b>Rekstrarhagnaður (-tap)</b>		(3.827.705)	234.990
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>			
Vaxtatekjur .....		251.999	348.471
Vaxtagjöld, gengismunur og bankakostnaður .....		337.811	(461.244)
		<u>589.810</u>	<u>(112.773)</u>
<b>Hagnaður (tap) ársins</b>		<u>(3.237.895)</u>	<u>122.217</u>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2018

Eignir	Skýringar	2018	2017
<b>Fastafjármunir</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir:			
Tölvubúnaður, innréttingar og áhöld .....	4	<u>1.029.346</u>	<u>1.286.682</u>
		1.029.346	1.286.682
<b>Veltufjármunir</b>			
Viðskiptakröfur .....	5	561.604	732.586
Handbært fé .....		<u>17.077.177</u>	<u>21.162.411</u>
		17.638.781	21.894.997
<b>Eignir samtals</b>		<u><u>18.668.127</u></u>	<u><u>23.181.679</u></u>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2018

Eigið fé og skuldir	Skýringar	2018	2017
<b>Eigið fé</b>	6		
Viðbragðssjóður .....		1.360.000	1.360.000
Óráðstafað eigið fé .....		5.233.407	8.471.302
		<u>6.593.407</u>	<u>9.831.302</u>
<b>Skuldir</b>			
Skammtímaskuldir:			
Aðrar skammtímaskuldir .....	7,8	12.074.720	13.350.377
		<u>12.074.720</u>	<u>13.350.377</u>
<b>Skuldir samtals</b>		12.074.720	13.350.377
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u><u>18.668.127</u></u>	<u><u>23.181.679</u></u>

## Sjóðstreymi ársins 2018

	Skýringar	2018	2017
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Hagnaður (tap) ársins .....		(3.237.895)	122.217
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir .....	4	<u>257.336</u>	<u>312.423</u>
		(2.980.559)	434.640
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur .....		170.982	(25.013)
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir .....		<u>(1.275.657)</u>	<u>(2.803.197)</u>
		(1.104.675)	(2.828.210)
<b>Handbært fé frá rekstri (til rekstrar)</b>		<u>(4.085.234)</u>	<u>(2.393.570)</u>
<b>Fjárfestingahreyfingar</b>			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna .....	4	<u>0</u>	<u>(234.899)</u>
		0	(234.899)
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé</b>		(4.085.234)	(2.628.469)
Handbært fé í byrjun árs .....		<u>21.162.411</u>	<u>23.790.880</u>
<b>Handbært fé í lok árs</b>		<u><u>17.077.177</u></u>	<u><u>21.162.411</u></u>

# Skýringar

## 1. Almennar upplýsingar

Íslensk ættleiðing annast milligöngu um ættleiðingar erlendis frá. Félagið er sjálfstæður skattaðili.

Íslensk ættleiðing er með heimilisfesti á Íslandi. Aðsetur félagsins er að Skipholti 50b, Reykjavík.

## 2. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

### 2.1 Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Gerð er grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem í meginatriðum eru þær sömu og árið á undan að öðru leyti en því sem fram kemur hér á eftir.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Þó svo mót þessi séu samkvæmt bestu vitund stjórnenda geta raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

### 2.2 Verð- eða gengistryggðar eignir og skuldir

Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á því gengi sem síðast var skráð á árinu. Verðtryggðar eignir og skuldir eru umreiknaðar miðað við vísitölur sem tóku gildi í ársbyrjun 2019. Áfallinn gengismunur og verðbætur á höfuðstól eigna og skulda eru færðar í rekstrarreikningi.

### 2.3 Innlausn tekna

Tekjur í rekstrarreikningi samanstanda af félagsgjöldum, framlagi úr ríkissjóði og öðrum tilfallandi tekjum.

### 2.4 Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur eru tekjufærðar miðað við áfallnar vaxtatekjur vegna bankainnistæðna og viðskiptakrafna eru tekjufærðar nema vafi leiki á um innheimtu þeirra.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í ÍSK á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í rekstrarreikning sem og áfallinn gengismunur á eignir og skuldir í árslok.

### 2.5 Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum.

Afskriftir eru reiknaðar samkvæmt beinlínuaðferð til að gjaldfæra mismun á kostnaðar-/endurmetnu verði og hrakvirði á áætluðum endingartíma eignanna sem hér segir:

Tölvubúnaðir, innréttingar og áhöld ..... 5 ár

## Skýringar

### 2.6 Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum félagsins.

### 2.7 Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samkvæmt sjóðstreymi samanstandur af sjóði, óbundnum bankainnstæðum, skammtímaverðbréfum til skemmri tíma en 3ja mánaða að frádregnum yfirdrætti á bankareikningum.

### 2.8 Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði.

## Skýringar

### 3. Tekjur

Tekjur ársins sundurliðast þannig:	2018	2017
Félagsgjöld .....	1.360.450	1.321.250
Framlag frá þjónustumiðstöð .....	1.650.000	2.750.000
Ættleiðingargjöld erlendis .....	3.481.950	3.836.242
Framlög úr ríkissjóði .....	34.000.000	34.000.000
	<u>40.492.400</u>	<u>41.907.492</u>
<b>Aðrar tekjur:</b>		
Námskeið .....	2.303.000	1.155.000
Félagsstarf .....	722.300	225.100
Styrkir .....	712.486	352.001
Aðrar tekjur .....	288.645	583.914
	<u>4.026.431</u>	<u>2.316.015</u>
<b>Tekjur samtals</b>	<u><u>44.518.831</u></u>	<u><u>44.223.507</u></u>

### 4. Varanlegir rekstrarfjármunir

	Áhöld, tæki og innréttingar	Samtals
<b>Árslok 2017:</b>		
Bókfært verð í ársbyrjun .....	1.364.206	1.327.214
Viðbót ársins .....	234.899	234.899
Afskriftir .....	(312.423)	(312.423)
Bókfært verð í árslok .....	<u>1.286.682</u>	<u>1.249.690</u>
Bókfært verð í árslok 2017 greinist þannig:		
Kostnaðarverð .....	2.606.019	2.606.019
Afskrifað samtals .....	(1.319.337)	(1.319.337)
Bókfært verð í árslok .....	<u>1.286.682</u>	<u>1.286.682</u>
<b>Árslok 2018:</b>		
Bókfært verð í ársbyrjun .....	1.286.682	1.286.682
Afskriftir .....	(257.336)	(257.336)
Bókfært verð í lok tímabilsins .....	<u>1.029.346</u>	<u>1.029.346</u>
Bókfært verð í árslok 2018 greinist þannig:		
Kostnaðarverð .....	2.606.019	2.606.019
Afskrifað samtals .....	(1.576.673)	(1.576.673)
Bókfært verð í árslok .....	<u>1.029.346</u>	<u>1.029.346</u>

### 5. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur greinast þannig:	2018	2017
Félagsgjöld .....	867.901	1.047.673
Niðurfærsla viðskiptakrafna .....	(306.297)	(315.087)
Viðskiptakröfur, nettó .....	<u>561.604</u>	<u>732.586</u>

Viðskiptakröfur eru færðar niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign félagsins. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður niðurfærslureikningur, sem mæta á þeim kröfum sem kunna að tapast og er hann dreginn frá eignfærðum viðskiptakröfum í efnahagsreikningi.

## Skýringar

### 6. Eigið fé

#### Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum

	Viðbragðssjóður	Óráðstafað eigið fé	Eigið fé samtals
<b>Hreyfingar 2017:</b>			
Staða í ársbyrjun .....	1.344.000	8.365.085	9.709.085
Hagnaður ársins .....	0	122.217	122.217
Tillaga í viðbragðssjóð .....	16.000	(16.000)	0
Staða í árslok .....	1.360.000	8.471.302	9.831.302
<b>Hreyfingar 2018:</b>			
Staða í ársbyrjun .....	1.360.000	8.471.302	9.831.302
Tap ársins .....	0	(3.237.895)	(3.237.895)
Staða í árslok .....	1.360.000	5.233.407	6.593.407

### 7. Aðrar skammtímaskuldir

Aðrar skammtímaskuldir greinast þannig:	2018	2017
Ógreidd laun og launatengd gjöld .....	1.233.301	1.306.159
Biðreikningur vegna fyrirhugaðrar stofnunar styrktarsjóðs .....	6.294.945	6.190.659
Ógreitt framlag til þjónustumiðstöðvar .....	3.600.000	5.250.000
Aðrar skammtímaskuldir .....	946.474	603.559
	12.074.720	13.350.377

### 8. Önnur mál

#### Skuldbindingar

Á árinu 2011 var ákveðið að setja á stofn styrktarsjóð og safnað var fjármunum að fjárhæð 5,5 m.kr. Fyrirhugað var að klára stofnun hans á árinu 2018. Félagið hugðist leggja sjóðnum til ofangreinda fjárhæð með áföllnum vöxtum. Rekstur félagsins hefur verið í járnnum síðastliðin ár og hefur félagið óskað eftir því við ráðuneytið að þjónustusamningur við félagið verði endurskoðaður. Félagið hefur þurft að ganga á eigið fé til að standa við hlutverk sitt og hefur verið hikandi við að stofna styrktarsjóð við þær aðstæður.

## Skýringar

### 9. Rekstrargjöld

Rekstrargjöld greinast þannig:	2018	2017
<b>Laun og launatengd gjöld</b>		
Laun .....	25.003.698	24.557.031
Laun stjórnar .....	821.965	747.390
Bifreiðastyrkir .....	720.000	665.080
Dagpeningar .....	615.806	674.788
Mótframlag í lífeyrissjóð .....	3.333.323	2.885.165
Tryggingagjald .....	2.046.702	1.976.556
Sjúkra- og orlofssjóðir .....	688.538	521.729
Annar starfsmannakostnaður .....	624.410	694.808
	<u>33.854.442</u>	<u>32.722.547</u>
Meðalfjöldi starfsmanna .....	3,2	3,6
<b>Kostnaður vegna ættleiðinga</b>		
Skýrslur og þýðingar .....	1.382.973	1.648.028
Undirbúningsnámskeið .....	2.568.868	1.930.640
Erlendur kostnaður .....	1.145.028	2.240.001
Annar kostnaður .....	595.452	815.080
Endurgreiddur kostnaður .....	(2.606.524)	(5.036.605)
	<u>3.085.797</u>	<u>1.597.144</u>
<b>Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður</b>		
Rekstur upplýsingakerfis og hugbúnaðarþjónusta .....	372.282	343.820
Sími .....	125.089	154.789
Burðargjöld .....	11.990	105.738
Pappír, prentun og ritföng .....	679.651	305.360
Bækur, blöð og áskrift .....	74.884	113.216
Annar skrifstofukostnaður .....	299.648	406.196
Reikningsskil .....	731.910	811.332
Önnur aðkeypt þjónusta .....	79.540	335.331
Fundir, ráðstefnur og móttökur .....	386.095	676.591
Gjafir og styrkir .....	67.644	34.166
	<u>2.828.733</u>	<u>3.286.539</u>
<b>Annar rekstrarkostnaður</b>		
Félagastarf .....	2.484.849	1.922.268
Námskeið .....	675.915	0
Húsaleiga .....	3.228.765	2.788.497
Öryggisþjónusta .....	187.267	177.344
Ræsting og hreinlætisvörur .....	470.000	471.442
Aðkeyptur akstur .....	0	33.460
Keypt áhöld og tæki .....	228.481	0
Viðhald áhaldna og tækja .....	29.717	0
Ferðakostnaður .....	967.806	516.169
Vátryggingar .....	54.218	49.934
Afskrifaðar og niðurfærðar kröfur .....	(8.790)	110.750
Annar kostnaður .....	2.000	0
	<u>8.320.228</u>	<u>6.069.864</u>